

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 119119. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 1. nóvember 2018  
og hófst hann kl. 09:00.

## Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir Nefndarmaður, Svanur Tómasson Embættismaður, Auður Kjartansdóttir Varamaður, Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Illugi Jens Jónasson Nefndarmaður, Davíð Viðarsson Ritari og Magnús Eiríksson Nefndarmaður.

Fundargerð ritaði: Davíð Viðarsson, Ritari.

## Dagskrá:

### 1. 1804002 - Fellaslóð 3\_Út og vestur ehf. sækir um lóðarúthlutun

Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu þar til niðurstaða um heildarskipulag og framtíðarsýn á Arnarstapa hefur verið ákveðin með bæjarstjórn.

### 2. 1104015 - Deiliskipulag Hellisvalla á Hellnun, breyting.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið og vísar því lögboðið auglýsingaferli. Nefndin og slökkviliðstjóri ítrekar að leysa þurfi úr vatnsmálum áður en til bygginga kemur.

### 3. 1712005 - Arnarfell\_óskað er eftir að breytt deiliskipulag verði tekið til umfjöllunar

Deiliskipulag hefur verið lagfært í samræmi við athugasemdir Skipulagsstofnunar. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið samkvæmt 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og óskað er eftir því að gögn verði sendi til Skipulagsstofnunar áður en auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

### 4. 1809006 - Norðurtangi 3\_Birgir Tryggvason fyrir hönd Bílaaðstoð og flutninga sækir um leyfi fyrir innkeyrsluhurð á suðaustur horni hússins, vegna fyrirhugaðra kaup á húsinu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir eftirfarandi kvöð sem verður þinglýst á eignina.

Lóðin að Norðurtanga 3, 355 Ólafsvík er í eigu Snæfellsbæjar og úthlutað húseigendum skv. lóðarleigusamningi og eftir hlutfalli í eignaskiptayfirlýsingu. Eftirfarandi kvaðir eiga við suðurhlið hússins og lóð til suðurs. Ástæða kvaðarinnar er ásýndin að sunnanverðu, sem sést víða. Nýting hússins og lóðarinnar til suðurs er því háð eftirfarandi

777

AK

MR

AK  
AK

skilmálum.

Aðeins verður leyfð ein stór þjónustuhurð á suðurhlið hússins sbr. teikningu (breidd x hæð).

Ekki verða gefin út frekari leyfi fyrir stórum hurðum síðar á þessari hlið hússins. Um er að ræða eina þjónustuhurð til að komast inn í húsið t.d. með stóra bíla.

Óleyfilegt er að geyma vörur, búnað, bíla, tæki eða annað fyrir framan húsið. Almenna fólksbíla starfsfólks í húsinu má geyma á bílastæðinu sunnamegin.

Í hvívetna skal gæta þess að umgengi verði eins góð og hægt er á lóðinni, sunnan megin hússins.

Núverandi bílastæði verða stækkuð til að þjónusta aðra stafsemi sem fyrir er í húsinu á þessari hlið sbr. teikningu þar um.

Umhverfis- og skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að ganga frá málinu.

5. **1810006 - Snoppuvegur 4\_Valafell ehf. sækir um byggingarleyfi til að saga gat á útvegg fyrir nýrri útidyrhurð**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

6. **1810012 - Nónhóll\_Jón Jóel Einarsson sækir um byggingarleyfi til að skipta út glugga fyrir hurð og stækka skyggni/ setja þak til suðurs yfir pall**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

7. **1804019 - Miðbrekka 15\_Orri Freyr Magnússon sækir um leyfi fyrir að plægja ca. 400 m. slaufu frá húsi, fyrir varmadælu**  
Frestar erindinu að nýju þar til reglur um varmadælu hafi verið samþykktar.

8. **1810007 - Staðastaður\_Kirkjumálasjóður sækir um efnistöku úr malarnámu vestan þjóðvegs í landi Staðastaðar.**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæða umsögn umsagnaraðila.

9. **1810011 - Fróðárheiði\_Vegagerðin sækir um endurbyggingingu vegar um norðanverða Fróðárheiði**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

10. **1810004 - Ólafsbraut 1a\_Ingibjörg ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir gám/geymslu**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi en bendir eiganda á að finna aðra varanlegri lausn á geymsluvanda.

11. **1810010 - Hafnargata 12\_Bifreiðaverkstæði Ægis slf. sækir um**

777  
R  
Mik  
M.G.  
Sunn  
All

## stöðuleyfi fyrir gám og bogahýsi

Umhverfis- og skipulagsnefnd minnir á að stöðuleyfi bogahýsis hafi upphaflega verið með þeim forsendum að gámur færi. Nefndin fer fram á að bogahýsið verði skráð og gámurinn víki ekki síðar en innan 12 mánaða. Nefndin samþykkir á meðan stöðuleyfi gáms og bogahýsis til 12 mánuða.

## 12. 1810005 - Klettsbúð 3\_Sif Svavarsdóttir sækir um breytta skráningu lóðar í íbúðarhúsalóð f.h. Labradorit ehf.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu og bendir á reglur um miðsvæði í aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031.

## 13. 1810008 - Gámar í Snæfellsbæ\_Byggingarfulltrúi leggur fram reglur fyrir gáma í Snæfellsbæ

Umhverfis- og skipulagsnefnd fór yfir drögin og tekur erindið fyrir á næsta fundi.

## 14. 1810009 - Varmadælur í Snæfellsbæ\_Byggingarfulltrúi leggur fram reglur fyrir varmadælur í Snæfellsbæ

Umhverfis- og skipulagsnefnd fór yfir drögin og tekur erindið fyrir á næsta fundi.

## 15. 1804013 - Önnur mál - umhverfis- og skipulagsnefnd 2018

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:19.

Flluzi Zen Jaraman



Haldor H. H. H.

Majuri Eir

Sven Tön

Aucur Kjartansdóttir